



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Hamrar

2026– 2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1.	Greinargerð leikskólastjóra	3
2.	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026	4
3.	Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027.....	6
4.	Starfspróunarsamtöl.....	7
5.	Fræðsla almennt út frá umbótapáttum leikskólans	7
6.	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	8
7.	Foreldrasamstarf	8
8.	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	9
9.	Fylgiskjöl:	11
9.1	Innra mat Álfabergs (yngri deild) 2025-2026.....	11
9.2	Innra mat Dvergasteins (yngri deild) 2025-2026.....	12
9.3	Umbótaáætlun Álfabergs og Dvergasteins (yngri deildar) 2026-2027	13
9.4	Umbótaáætlun Álfabergs 2026-2027	13
9.5	Umbótaáætlun Dvergasteins 2026-2027	15
9.6	Innra mat Hulduhóls (eldri deild) 2025-2026	17
9.7	Innra mat Tröllabjargs (eldri deild) 2025-2026.....	18
9.8	Umbótaáætlun Hulduhóls og Tröllabjargs (eldri deildar) 2026-2027.....	19
9.9	Umbótaáætlun Hulduhóls 2026-2027	20
9.10	Umbótaáætlun Tröllabjargs 2026-2027.....	21
9.11	Umsögn foreldraráðs.....	24





1. Greinargerð leikskólastjóra

Starfsárið sem nú er að líða hefur verið bæði lærdómsríkt og uppbyggilegt. Áhersla leikskólans hefur, líkt og áður, verið á velferð barna, gæði náms og faglegt og gott samstarf starfsfólks, foreldra og nærsamfélags. Unnið var markvisst að því að skapa öruggt, hlýtt og hvetjandi umhverfi þar sem hvert barn fær að njóta sín á sínum forsendum.

Á skipulagsdegi unnu allir starfsmenn leikskólans sameiginlega að því að dýpka skilning sinn á því hvað liggur að baki gildum leikskólans. Starfsmönnum var skipt í hópa þvert á deildir og unnu allir markvisst með gildin virðingu, samvinnu og jákvæðni, með áherslu á hvernig þau birtast í daglegu starfi, samskiptum og faglegum vinnubrögðum.

Jafnframt var fjallað um hugmyndafræði hæglætis og hvernig hún styður við vellíðan barna og nám í gegnum leik. Í vinnu við gerð og þróun skólanámskrár er hæglæti í gegnum leikinn tengt sem rauður þráður í öllu starfi leikskólans. Leikurinn er þannig hafður í forgrunni sem meginfarvegur náms, þar sem börnum er gefinn tími, rými og öryggi til að rannsaka, skapa og læra á eigin forsendum.

Í apríl fóru starfsmenn leikskólans í náms- og kynningarferð til Gdansk. Þar var leikskóli heimsóttur þar sem starfsfólk kynnti sér starfshætti og daglegt leikskólastarf. Auk þess fengu starfsmenn fræðslu um hvernig unnið er með jóga með börnum, með áherslu á líkamsvitund, slökun, jafnvægi og vellíðan. Sú reynsla og þekking sem aflaðist í ferðinni nýtist í áframhaldandi þróunarvinnu leikskólans og tengist áherslum okkar á hæglæti, leik og velferð barna.

Í febrúar 2026 var foreldrum afhentur bæklingur um náttúrulega kennslu, sem leikskólinn hefur verið að þróa markvisst frá árinu 2023. Í bæklingnum er fjallað um hvernig unnið er með náttúrulega kennslu í daglegu starfi leikskólans, auk þess sem þar eru kynnt þau orð og frasa sem starfsfólk notar í samskiptum við börnin til að styðja við nám, sjálfstæði og jákvæð samskipti.

Öll þessi vinna – skipulagsdagurinn, þróunarstarf starfsfólks, námsferðin og bæklingurinn – tengist áframhaldandi gerð og endurskoðun skólanámskrár, þar sem lögð er áhersla á sameiginlega sýn, fagleg vinnubrögð og gildi leikskólans.

Við hlökkum til næsta vetrar og þeirra tækifæra sem bíða okkar í áframhaldandi vinnu og samveru með börnunum ykkar.

Guðmunda Júía, leikskólastjóri Hamra





2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026

Innra mat

Hvað var metið?	Sumarfrí leikskólans
Hvernig fór matið fram?	Könnun send í tölvupósti
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allir foreldrar
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Að allir hafi sitt að segja með það sem verið er að kjósa um.

Hvað var metið?	Foreldrafundur að hausti
Hvernig fór matið fram?	Könnun send í tölvupósti
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allir foreldrar
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Að allir hafi sitt að segja með það sem verið er að kjósa um. Kosið var um hvort foreldrar vildu hafa fundina að morgni eða seinnipart dags. Niðurstaðan síðustu könnunar var að meirihlutinn vill að fundirnir séu að morgni til.

Hvað var metið?	Starfsmannasamtöl
Hvernig fór matið fram?	Viðtöl á skrifstofu leikskólastjóra
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allir starfsmenn
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Starfsmannaviðtöl fóru fram samkvæmt fyrirfram skilgreindum ramma og gengu almennt vel. Í viðtölunum kom fram að meirihluti starfsmanna upplifir góða líðan í starfi, jákvæðan starfsanda og er almennt ánægður með stjórnunarhætti leikskólans. Jafnframt kom fram í viðtölum við hluta starfsfólks ósk um aukin tækifæri til samveru starfsfólks utan vinnutíma, sem taldist geta haft jákvæð áhrif á samskipti og samheldni starfsfólks.





Ytra mat

Hvað var metið?	Viðhorfskönnun starfsmanna
Hvernig fór matið fram?	Könnun send rafrænt á allt starfsfólk
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk leikskólans
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Til að kanna líðan starfsfóks í vinnunni. Hamrar kom vel út úr könnuninni.

Hvað var metið?	Viðverustefna Reykjavíkur
Hvernig fór matið fram?	Könnun send rafrænt á allt starfsfólk
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk leikskólans
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Kynna viðverustefnu Reykjavíkur fyrir öllu starfsfólki. Að allir viti hvað fellst í viðverustefnunni.





3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027

Innra mat	Starfsmannaviðtöl við deildarstjóra við starfsfólk deilda
Umbótaþáttur/matsþáttur innra mat	Viðtöl deildarstjóra við starfsfólk deilda
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að deildarstjóri taki viðtöl við starfsfólk á sinni deild í desember
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Deildarstjóri setur upp viðtöl við hvern og einn. Farið er yfir líðan og starf hvers og eins á deildinni.
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst desember 2026. Lýkur janúar/febrúar 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið á deildarstjórafundum
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að allt starfsfólk fari í viðtal hjá sínum deildarstjóra.

Stjórnun	Móttaka nýrra starfsmanna
Umbótaþáttur/matsþáttur stjórnun	Móttaka nýrra starfsmanna
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að vera með virka móttökuáætlun
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Deildarstjórar taka á móti og þjálfa nýtt starfsfólk í samvinnu við annað starfsfólk á deildinni
Ábyrgð	Stjórnendur
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Sept 2026 og lokið maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið á deildarstjórafundum og í starfsþróunarviðtölum við leikskólastjóra
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að nýtt starfsfólk sé tekið í viðtal allt að fjórum sinnum á fyrstu þremur mánuðum í starfi





Uppeldis og menntastarf,	Hæglæti
Umbótaþáttur/matsþáttur uppeldis og menntastarf.	Hæglæti í gegnum leik. Eitt af því mikilvægasta í leikskólastarfi er leikur enda er hann talinn vera helsta námsleið barna (Aðalnámskrá, 2011/2023) og til þess að styðja við það nám er mikilvægt að börn fái bæði góðan tíma og áhugavert rými til leiks.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að sjálfsprottin leikur sé talinn eðlislægur hluti af lífi barns þar sem barnið stjórnar sjálf. Hann felur í sér reynslu barnsins þar sem innri drifkraftur þess leiðir það til að glíma við verkefni, vinna með efnivið, kanna, uppgötva og æfa sig aftur og aftur.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að allt starfsfólk fari á námskeið og fái tækifæri til að lesa sér til um hæglæti í undirbúning
Ábyrgð	Stjórnendur
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 til maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið á deildarstjórafundum og á deildarfundum
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Í leikskólanum er unnið með að börn finni styrkleika sína í gegnum fjölbreytt leikskólastarf, börn eiga að fá val á viðfangsefni og sköpun þess eftir þeirra áhugasviði.

4. Starfsþróunarsamtöl

Starfsmannaviðtöl voru haldin í mars með skipulegum hætti og byggðu á fyrirfram skilgreindum ramma. Í viðtölunum var meðal annars fjallað um verkefni og ábyrgð, líðan í starfi, vinnuaðstæður, samskipti, stjórnun, starfsþróun og fræðsluþarfir, ásamt viðveru og vinnufyrirkomulagi. Viðtölin voru nýtt til að styðja við faglega þróun, starfsánægju og áframhaldandi umbætur í starfi leikskólans.

5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans

Fáum fyrirlestur á skipulagsdegi um hæglæti í nóvember	Erum að vinna með að koma hæglæti inn í leikskólastarfið.
Fáum námskeið um Lubba í ágúst á skipulagsdegi	Að allt starfsfólk kynnist Lubba og hugmyndafræðinni í kringum hann





6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Börnin fara einu sinni í mánuði í heimsókn í Borgaskóla. Þar fá þau að kynnst skólanum til þess að auðvelda þeim að fara í grunnskóla.

Dagsetning og tími	Viðburðir	Staðsetning	Ábyrgð
15. September kl. 10	Kynning á skólanum. Labbað um skólann og hann skoðaður með kennara	Borgaskóli	Deildarstjóri og kennari Borgaskóla
13. Október kl. 10	Heimsókn í tónlistartíma hjá kennara.	Borgaskóli	Deildarstjóri og kennari Borgaskóla
17. nóvember kl. 10	Heimsókn í smíðatíma. Börnin fá að smíða einn hlut	Borgaskóli	Deildarstjóri og kennari Borgaskóla
8. desember kl. 10	Heimsókn í myndmenntatíma.	Borgaskóli	Deildarstjóri og kennari Borgaskóla
12. janúar 2027 kl. 10	Heimsókn í textíl.	Borgaskóli	Deildarstjóri og kennari Borgaskóla
9. febrúar kl. 10	Heimsókn á bókasafn Borgarskóla. Börnin fá að skoða bækur.	Borgaskóli	Deildarstjóri og kennari Borgaskóla
9. mars kl. 8.10	Heimsókn í 1. bekk. Börnin fara í tíma, fá verkefni og fara svo í frímínútur með þeim.	Borgaskóli	Deildarstjóri og kennari Borgaskóla
13. apríl kl. 10	Heimsókn í frístund. Börnin fá að sjá hvað er í boði þar.	Borgaskóli	Deildarstjóri og kennari Borgaskóla
Maí. Eigum eftir að fá tíma	Börnunum boðið á leiksýningu í skólanum	Borgaskóli	Deildarstjóri og kennari Borgaskóla

7. Foreldrasamstarf

Foreldraráð og foreldrafélag: Kosið var í foreldraráð haustið 2025. Foreldraráð skipa þrjú foreldrar ásamt aðstoðarleikskólalastjóra. Kosið er annað hvert ár að hausti. Kosið verður í foreldraráðið haustið 2027. Foreldraráð og fulltrúar úr foreldrafélaginu hittiast þrisvar til fjórum sinnum á ári, setja niður það sem er framundan, s.s. piparkökumálun, sveitaferð og jólagjafainnpökkun. Foreldraráð fær starfsáætlun til yfirlestrar auk annarra mála sem upp koma. Fulltrúar í foreldrafélaginu er með lokaðan spjallhóp á Facebook ásamt stjórnendum Hamra, þar sem þau ræða það sem er framundan.





Foreldrafundir: Fjórir foreldrafundir verða haldnir í leikskólanum í september 2026, þar sem farið verður yfir starf vetrarins. Nú eru fundirnir að morgni til inni í sal. Ein deild heldur sinn fund í einu. Stjórnendur verða með á öllum fundunum. Farið verður yfir hagnýtar upplýsingar frá leikskólanum og síðan fer deildarstjóri yfir efni sem deildarnar koma til með að vinna með næsta vetur. Starf foreldrafélags verður kynnt fyrir foreldrum og forráðamönnum á þessum fundum.

Foreldrakannanir: Leikskólinn sendi foreldrum rafræna könnun í janúar varðandi sumarfríð næsta sumar. Tilgangurinn var sá að fá foreldra til þess að vera með í ákvarðanatöku um hvenær sumarfrí leikskólans ætti að vera. Niðurstaða könnunar var að sumarfrí Hamra verður frá 13.júlí til 11.ágúst.

Foreldraviðtöl: Foreldraviðtöl eru haldin einu sinni á ári í kringum afmæli barnsins. Í þessum viðtölum er rætt um líðan/framfarir barnsins ásamt næstu skrefum barnsins í leikskólanum. Foreldrar hafa einnig óhindraðan aðgang að deildarstjóra. Foreldrar geta alltaf óskað eftir samtali, utan foreldraviðtala.

8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

25.ágúst undirbúningur fyrir haustið

30. september (Menntavika). Er sameiginlegur með leikskólum í Austurmiðstöð

27.nóvember fyrirlestrar v/hæglætis

5. febrúar (dagur leikskólans 6.febrúar). Er sameiginlegur með leikskólum í Austurmiðstöð

27. apríl (Menntavikustefnumót). Er sameiginlegur með leikskólum í Austurmiðstöð

14.maí endurmat vetrarins á deild.



9. Fylgiskjöl:

9.1 Innra mat Álfabergs (yngri deild) 2025-2026

Hver deild tekur saman styrkleika og tækifæri byggt á umbótaáætlun síðasta árs.

Styrkleikar

Sjálfspröttin leikur – Verðlaus efniviður

Ætluðum að vera dugleg að kynna verðlausan efnivið fyrir börnunum.

Markmið náðust ekki og unnið verður áfram með þetta

Hæglæti og Náttúruleg kennsla

Hefur gengið vel við matarborð. Börnin duglegri að biðja um mat og hjálp við matarborðið.

Matartími á réttu róli og allir kennarar duglegri að nota náttúrulegu kennsluna.

Jóga

Gekk ekki nógu vel.

Markmið náðust ekki og unnið verður áfram með jóga á næsta skólaári.

Tækifæri

Náttúruleg kennsla og hæglæti

- Fyrirlestrar og að nýtt starfsfólk horfi á myndböndin og fái glærur frá Báru sálfræðingi
- Vera með frasa meira sýnilega á svæðum (eru með fyrir matartíma).
- Minna hvort annað á þegar við erum að gleyma okkur.

Jóga

-Til að skapa innri ró og vellíðan.

-Hafa æfingar á myndrænu formi sem eru skemmtilegar fyrir börnin.

Tækifæri er til að breyta og vinna áfram með þessa þætti



9.2 Innra mat Dvergasteins (yngri deild) 2025-2026

Styrkleikar

Hæglæti í daglega starfinu: Bára sálfræðingur og atferlisfræðingur var búin að gefa okkur mjög góða kennslu/leiðbeiningu sem við náðum fljótt að tileinka okkur.

Starfsfólkinu tókst strax í byrjun haustsins að tileinka okkur hæglæti í fataklefanum og salernisferðunum. Með því að hafa fá börn í einu á þessum stöðum fékk hvert barn fyrir sig tíma og örvun. Skapaðist róleg stund á þessum stöðum. Einnig var starfsfólkið duglegt að skipta sér niður á svæði sem deildin hafði til afnota og náðum þannig að hafa færri börn á hverjum stað.

Við munum halda áfram óbreyttu næsta haust.

TMT- tákn með tali: Það gekk ágætlega að nota TMT í daglega starfinu. Starfsfólk samræmdi sig í upphafi með að nota tákn með tali í samverustundum, þegar farið var yfir matinn og við matarborðið.

Lögðum áherslu á tákn vikunnar meðal barnanna og foreldrar upplýstir um tákn vikunnar bæði í vikulegum tölvupósti og táknin voru sýnileg fyrir framan deildina. Eins gekk ágætlega að nota hálsböndin með táknum í viðeigandi aðstæðum eins og í samverustundum. Við munum halda áfram óbreyttu fyrirkomulagi næsta vetur.

Sjálfsprottinn leikur – verðlaus efniviður: Á Dvergasteini vorum við nokkuð dugleg (alltaf má gera betur) að bjóða upp á verðlausan efnivið auk markvissu stundanna = könnunarleikur. Pappakassar voru einstaklega vinsælir meðal barnanna þegar okkur áhlotnaðist þá.

Tækifæri

Leikurinn er ein helsta námsleið barnanna og því ber okkur að gefa leiknum góðan tíma í dagsskipulaginu og vera opin fyrir að auðga leikinn með því að horfa eftir áhuga barnanna og hlusta á þau hvað þau vilja.

Hefðum vilja að hafa sullukarið oftár með börnunum. Tókum það fram í eina viku. Næsta vetur ætlum við að vera duglegri að hafa efniviðinn í boði sem leikskólinn hefur til staðar.





9.3 Umbótaáætlun Álfabergs og Dvergasteins (yngri deildar) 2026-2027

Álfaberg/Dvergasteinn börn 1-3 ára	
Deildarfundir	Hafa deildarfundir reglulega yfir árið.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Deildarfundir verða haldnir allavega einu sinni í mánuði.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Deildarstjórar á yngri deildum búa til sameiginlega áætlun að hausti 2026 um hvenær deildarfundir hvora deildar fyrir sig verða haldnir. Ákveðnir dagar. 1-2 í mánuði.
Ábyrgð	Deildarstjóri ber ábyrgð en allir starfsmenn framkvæma.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Okt'26-maí'27
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Sjáum það í lok tímabilsins, hvernig gekk að halda áætlunina á fundargerðunum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Faglegra starf á deildinni. -Starfsfólk samræmir sig meira -Sjáum betur hvað má betur fara. -Verkaskipting skýrari. -Betri undirbúningur fyrir foreldraviðtölin.

9.4 Umbótaáætlun Álfabergs 2026-2027

Álfaberg börn fædd 2024-2025	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Jóga
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Stuðla að betri andlegri og líkamlegri vellíðan barnanna sem skilar sér í betri einbeitingu og slökun yfir daginn. Vinnum mestmegnis með öndun
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Skipta börnunum í tvo hópa á morgnanna. Verður allavega tvisvar í viku.
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í október 2026. Lýkur í maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið á deildarfundum. Deildarfundir notaðir til að meta jógastundir og skoða hvort börnin verði betri í að finna eigið jafnvægi.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Börn upplifa mikla ánægju í gegnum jóga. Þessir þættir eru mikilvægir þegar kemur að núvitund, ró og að hlusta á eigin líkama.





Álfaberg börn fædd 2024-2025

Umbótapáttur/matspáttur	Hæglæti og Náttúruleg kennsla
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Gefa hverju barni meiri tíma í daglegu starfi. Við byrjum með matarborðið, salernisferðir og fataklefa. Vinnum líka með leikinn. Börnin verða sjálfstæðari og duglegri að tjá sig. Kennarar sjá fyrir styrkleika/veikleika hvers barns. Skipulagið verður rólegra og yfirvegaðra.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Vera meðvituð um að hægja á og gefa meiri tíma og rými fyrir: <ul style="list-style-type: none">- Leikinn. Hafa námsumhverfi barnanna hvetjandi og vera ekki að skipta oft um viðfangsefni. Hlutverk kennara er að auðga leikinn með nærveru sinni og vera virkir og styðjandi við leik barnanna.- Rólegheit í fataklefanum, efla málþroska barnanna með því að setja orð á athafnir og hvetja börnin til sjálfsstæðis.- Rólegheit við matarborð. Eflum málþroskann með því að setja orð á allan mat og hvetja börnin til að biðja um allan mat og áhöld.- Hafa salernisferðirnar notalegar og að þetta sé róleg stund. Hvetja til sjálfstæðis varðandi salernisferðir og handþvott.
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í október 2026. Lýkur í maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið á deildarfundum. Rætt saman og samræmt vinnu meðal starfsmanna. Meta hvernig tekst og hvað má betur fara.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Starfsfólkið setur orð á athafnir barnanna með lýsandi og hvetjandi orðaforða, Eykur orðaforða barnanna. Starfsmenn taka virkan þátt með því að temja sér rólegan samskiptamáta.





9.5 Umbótaáætlun Dvergasteins 2026-2027

Dvergasteinn 2-3 ára	
Hæglæti og hlutverk starfsfólks í leik barna	Leikur er helsta námleið barna. Leikurinn þróar: <ul style="list-style-type: none"> - Málþroskann - Félagsfærni - Hugsun og sköpun
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að efla meðvitað hlutverk starfsfólks í leik barna, þannig að þau viti betur hvað er ætlast til af þeim og hafa hæglæti að leiðarljósi
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	<ul style="list-style-type: none"> - Vera í augnhæð barnanna, sitja á gólfstólunum ef þau leika á gólfi - Sýna leiknum áhuga með nærveru sinni. Spyrja opnar og rólegrar spurningar. - Gefa barninu tíma til að skoða/leika/svara - Fylgja áhuga barnanna og auðga leikinn með því að bæta við efnivið - Læra að verða virkur þátttakandi í leik - Veita málörvun með því að bæta við orðum við því sem þau segja og nota fjölbreyttan orðaforða - Styðja við félagsfærni
Ábyrgð	Deildarstjóri ber ábyrgð en allir starfsmenn framkvæma.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Okt'26-maí'27
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið á deildarfundum, hvernig gengur og hvað má betur fara.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	<ul style="list-style-type: none"> -Starfsfólk er virkt með börnum í leik -Starfsfólkið styður samskipti og samvinnu meðal barnanna -Starfsfólkið setur orð á upplifun og athafnir þeirra með lýsandi og hvetjandi orðaforða -Starfsmenn taka virkan þátt með því að temja sér rólegan samskiptamáta, fylgjast með leik án mikillar íhlutunar. -Temjum okkur hægari takt sem mun vonandi skila sér með aukinni einbeitingu og vellíðan barna í leik.





Dvergasteinn 2-3 ára	
Sjálfsprottinn leikur - nýting efniviðar í leik og í námi	Nýta þann efnivið sem leikskólinn hefur upp á að bjóða.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að efla markvissa og fjölbreytta nýtingu á þeim efnivið sem leikskólinn hefur upp á að bjóða. Styðja þannig við leik, sköpun, samskipti og þroska barnanna á deildinni. Markmiðið er að styðja við ró, einbeitingu, fjölbreytni og dýpt í leik barnanna.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Skrifað í dagbókina, hverja viku fyrir sig hvaða efnivið deildin á að hverju sinni. Búa einnig til plan sem er sýnilegt öllu starfsfólkinu og er uppi á vegg.
Ábyrgð	Deildarstjóri ber ábyrgð en allir starfsmenn framkvæma.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Okt'26-maí'27
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	-Metið á deildarfundum, hvernig gengur og hvað má betur fara. -Taka ljósmyndir af börnunum í leik.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Börn sýna meiri þátttöku og einbeitingu í leik -Aukin fjölbreytni í leik -Efniviður er nýttur reglulega og markvisst -Starfsfólk upplifir aukið öryggi í að styðja við leik barnanna





9.6 Innra mat Hulduhóls (eldri deild) 2025-2026

Hver deild tekur saman styrkleika og tækifæri byggt á umbótaáætlun síðasta árs.

Styrkleikar

Náttúruleg kennsla gekk vel í vetur og sá liður komin til með að vera og verður endurmetin eftir 3 ár.

Einingakubbornir hafa gengið mjög vel í vetur og verða endurmetnir eftir 3 ár.

Jóga gekk ekki vel í vetur og verður því settur inn í umbótaáætlun fyrir næsta ár. Í jóga læta börnin öndun, ró og nýjar jógastöður

Tækifæri

Í jógastundum þurfum við að halda áfram allt árið um kring og passa að þessar stundir detti ekki niður.

Þurfum að festa þær á vaktaplan og að hafa þær með fáum börnum í einu.

Hæglæti verður rauði þráðurinn í starfinu í vetur.





9.7 Innra mat Tröllabjargs (eldri deild) 2025-2026

Hver deild tekur saman styrkleika og tækifæri byggt á umbótaáætlun síðasta árs.

Styrkleikar

Skapandi efniviður í leik

Börnin voru dugleg að nýta fjölbreyttan efnivið í leik. Leikurinn blómstraði þar sem börnin fengu nægan tíma til að þróa hugmyndir sínar og láta reyna á þær. Þetta hafði jákvæð áhrif á samskipti þeirra. Skráningar hafa verið nýttar til að koma auga á styrkleika barna og jafnframt nýttar í foreldraviðtölum. Endurmetið eftir þrjú ár.

Hæglæti í listasmiðju

Börnin hafa haft góðan tíma til að þróa hugmyndir sínar í listasmiðju og látið reyna á þær. Boðið hefur verið upp á fjölbreyttan efnivið og börnin sýnt mikinn áhuga og virkni í verkefnum sínum. Öll börn eiga skráningar í ferilmöppu sinni og listasmiðjan er eftirlætisstaður margra. Það er eflandi fyrir börnin að fá tækifæri til að koma hugmyndum sínum í framkvæmd. Endurmetið eftir þrjú ár.

Hlutverk starfsfólks í leik

Starfsfólk hefur aukið þekkingu sína á mikilvægi leiks sem náms- og þroskaleiðar barna.


Tækifæri

Hlutverk starfsfólks í leik

Mikilvægt er að starfsfólk efli enn frekar færni sína í skráningum til að styðja við faglegt starf, þar sem leikur er megin námsleið barna. Skráningar nýtast til að greina styrkleika barna, áhugasvið þeirra og þroska.



9.8 Umbótaáætlun Hulduhóls og Tröllabjargs (eldri deildar) 2026-2027

Hulduhóll og Tröllabjarg 3-6 ára	Jóga
Umbótapáttur/matspáttur	 Hvert barn fái að kynnst öndun og hreyfingu í gegnum jóga. Sköpum rólega stundir
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Auka andlega vellíðan barnanna með aukinni þekkingu á samspili hugar og líkama
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Börnunum skipt í litla hópa og festa jógastundina inn á vaktaplan á ákveðnum dögum.
Ábyrgð	Deildarstjóri ber ábyrgð ásamt starfsfólki deildarinnar Verður á vaktaplani
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í september 2026 og lýkur í maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Ræða á deildarfundum hvernig gengur og hvað má gera betur.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Börn upplifa mikla ánægju í gegnum jóga. Þessir þættir eru mikilvægir þegar kemur að núvitund, ró og að hlusta á eigin líkama.



9.9 Umbótaáætlun Hulduhóls 2026-2027

Hulduhóll, 3-4 ára	Hæglæti
Umbótaþáttur/matsþáttur	Hæglæti í leik barnanna
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Leikur og gleði einkenni starfið á deildinni. Gefa barninu meiri tíma í okkar daglega starfi. Starfsfólk skrái hjá sér leikinn í máli og myndum. Hæglæti tengist núvitund, hvernig upplifun af hlutum, umhverfinu og því sem verið er að fást við verður önnur þegar fólk er heilshugar til staðar
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Vera meðvituð um að hægja á og gefa meiri rými og tíma fyrir: <ul style="list-style-type: none"> - Leikinn. Hafa námsumhverfi barnanna hvetjandi og vera ekki að skipta oft um viðfangsefni. Hlutverk kennara er að auðga leikinn með nærveru sinni og vera virkir og styðjandi við leik barnanna. - Þjóða upp á opinn og skapandi efnivið og gefa leiknum tíma og rými - Hlutverk kennara er að auðga leikinn með nærveru sinni og vera virkir og styðjandi við leik barnanna. - Gefa barninu þann tíma sem þar þarf í leik og starfi
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Hefst í september 2026 og lýkur í maí 2027. Mest metið í samtali og eins farið yfir skráningar sem gerðar verða.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Metið á deildarfundum. Meta reglulega hvernig til tekst og hvað má betur fara. Gera skipulagið okkar yfirvegaðra og rólegra.





9.10 Umbótaáætlun Tröllabjargs 2026-2027

Tröllabjarg, 5-6 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Hæglæti í fataherbergi
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Efla börnin í sjálfshjálpi og auka orðaforða.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Mest sex börn í einu í fataherbergi. Gefa þeim tíma og rými til þess að klæða sig.
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsfólk deildar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September – apríl
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Á deildarfundum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Börnin klæða sig sjálf. Meiri ró í fataherbergi. Tími gefst fyrir spjall – málörvun.

Tröllabjarg, 5-6 ára	Hlutverk starfsfólks í leik
Umbótaþáttur/matsþáttur	Að starfsfólk sé meðvitað um hvaða nám fer fram í gegnum leik. Hvert er hlutverk starfsfólks og hvað ber að hafa í huga.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Allir starfsmenn hafa gert skráningar sem hafa verið ræddar á deildarfundum. Skráningarnar sýna nám/framfarir/hæfileika barnanna.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Allir starfsmenn hafa gert skráningar sem hafa verið ræddar á deildarfundum. Skráningarnar sýna nám/framfarir/hæfileika barnanna.
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September – maí.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið á deildarfundum. Starfsmenn sýna skráningar sem þeir hafa gert og þær eru ræddar.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Starfsfólk hafi aukið færni sína í skráningum. Allir hafi gert skráningar sem þeir sýna og ræða á deildarfundum.





Deild/aldur barna	Efling málþroska
Umbótaþáttur/matsþáttur	Að efla orðaforða, málskilning og hljóðkerfisvitund barna.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Auka ánægju barna af sögulestri, efla orðaforða, bæta tjáningu og málskilning og efla sjálfstraust.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Vinna með orðaspjalls aðferðina þegar lesið er fyrir börnin.
Ábyrgð	Deildarstjóri.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September – apríl
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið á deildarfundum. Spurningar til barna.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Börnin hafa ánægju af að hlusta á sögur. Þau nota orðin sem eru lög inn.





F. h. leikskólans Hamra

Guðmunda Júlía Valdimarsdóttir
Leikskólastjóri

19.maí 2026
Dagsetning





9.11 Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2026 – 2027 Hamrar

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Katrín Pétursdóttir
Karen Ragnarsdóttir





Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Já.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Starfsáætlunin er auðlesanleg og mun verða aðgengileg í samræmi við reglur þar um.

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Foreldraráð telur starfsáætlunina ætti að veita góða innsýn í starf leikskólans fyrir foreldra.

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Nei.

Fulltrúar í foreldraráði:

Katrín Pétursdóttir og Karen Ragnarsdóttir.

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði





Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umbótaáætlun fyrir deildir þar sem hver deild/deildir (yngri og eldri saman) gera grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir **1. júní**. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Starfsáætlun skal skilað rafrænt á netfangið ; sfs@reykjavik.is





Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



